

Eyjafjarðarsveit  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík, 6. júní 2023  
UST202305-162/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Umsögn - Efnistaka við Eyjafjarðarbraut eystri í Eyjafjarðarsveit**

Vísað er til erindis Eyjafjarðarsveitar dags. 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Umhverfisstofnun vill benda á að ef ráðist er í efnistöku í eða við ár þarf að liggja fyrir leyfi Hafrannsóknarstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Umhverfisstofnun telur að þegar um svæði á náttúruminjaskrá er að ræða þá henta slík svæði oftast ekki vel til efnistöku. Stefna stjórnvalda hefur verið að hafa námur færri og stærri. Í næsta nágrenni við fyrirhugað efnistökusvæði er naman Þverá og ef um lítið magn er að ræða er unnt að sækja efni í námu Skútabergs á Moldhaugahálsi auk þess sem efni þaðan er nánast örugglega betra en fínefnaríkt efni úr farvegi Eyjafjarðarár.

Við Eyjafjarðarbraut eystri er nokkuð þéttbýlt og væri í nafni jafnræðis erfitt að synja öðrum um leyfi til efnistöku fyrir sínu landi ef fallist verður á efnistöku í þessu tilfelli. Því telur Umhverfisstofnun að leita ætti annarra leiða til að nálgast efni en hér er ráðgert.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**